KPMG

**KPMG ehf.**
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Vefsíða www.kpmg.is

**Umboðsmaður kröfuhafa og**

**Hagar hf.**
**b.t. Finnur Oddsson**
**Hagasmára 1,**
**201 Kópavogur**

Reykjavík, 30. október 2020.

**Staðfesting á skýrslu um fjárhagslegar kvaðir í tengslum við árshlutareikning vegna skuldabréfaflokks HAGA181021**

Vísað er til veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins, dags. 16. október 2019, og samnings við staðfestingaraðila. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu og samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, dags. 29. október 2020.

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, verðmat sem liggur til grundvallar og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á. Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

Þann 31. ágúst 2020 voru viðkomandi fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir eftirfarandi:

1. Vaxtaþekja

   EBITDA 12 mánaða tímabils frá 1.9.2019 – 31.8.2020 nam 8.683 m.kr. Á sama tímabili námu vaxtagjöld 1.660 m.kr. Vaxtaþekja tímabilsins telst því vera 8.683/1.660 eða 5,2 en kvaðir í skuldabréfaflokki HAGA181021 eru að vaxtaþekja sé eigi lægri en 2.

2. Eiginfjárhlutfall

   Eigið fé Haga þann 31.8.2020 nam 25.392 m.kr. Samtala efnahagsreiknings sama dag nam 62.246 m.kr. Eiginfjárhlutfall Haga 31.8.2020 er því 25.392/62.246 eða 40,8%. Fjárhagslegar kvaðir í skuldabréfaflokki HAGA181021 eru að eiginfjárhlutfall sé eigi lægra en sem nemur 25%

Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhagslegum- og sérstökum kvöðum samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir því staðfest.

Fyrir hönd staðfestingaraðila

**KPMG ehf.**

Helga Harðardóttir